# Gagna- og gervigreindarvegferð Reykjavíkurborgar

Inga Rós Gunnarsdóttir

# Reykjavíkurborg

- Stærsta sveitarfélagið, 142,636 íbúar (gogn.reykjavik.is)
- 7 Svið
- 40 Skrifstofur
- 150 + Þjónustur beint til íbúa
- 50+ Innri þjónustur
- 400+ Vinnustaðir
- 11000+ Starfsmenn



Reykjavík City 2025 Service Map

# Hvað eru gögn?

- Gögn eru minnsta eining upplýsinga sem hægt er að nota í umræðum, útreikningum og sem inntak í greiningu
- Sett mælanlegra gilda fyrir eitthvað hugtak, tölur, strengir, dagsetningar, myndir o.s.frv.
- Gagn eitt og sér er ekki viðkvæmt
- Gögn sett í samhengi geta verið mjög viðkvæmar upplýsingar



**Virðið í gögnunum okkar fæst ekki úr gögnunum sjálfum heldur sögunni sem þau segja okkur og aðgerðunum sem verða til út frá þeim**






# Það sem fólk hugsar þegar það heyrir "gagnavörur"






Það er ekkert verra en frábær gagnagreining en léleg framsetning.

Ef notendurnir skilja ekki gögnin – hvernig geta þau tekið góðar gagnadrifnar ákvarðanir?



# Velkomin á Gagnahlaðborðið!

Langar þig að skilja borgina þína betur? Á Gagnahlaðborðinu finnur þú opin gögn á vegum Reykjavíkurborgar sem hægt er að nýta bæði til gagns og gamans. Góða skemmtun!



## Efst á baugi









# Gervigreind gerir ekkert án gagna

Data is intellect.

You cannot function beyond your data.

Sadhguru



Intelligence is what you do with your data.



# Tilmæli um notkun gervigreindar hjá Reykjavíkurborg

# Hvernig gerum við tilmæli fyrir borgarstarfsemi þegar..

- Leik- og grunnskólar
- Götuhreinsanir
- Snjómokstur
- Sorphirða
- Byggingar og skipulag

- Lista- og bókasöfn
- Velferðarþjónusta og gistiskýli
- Sundlaugar
- Skíðasvæði
- Þjónustumiðstöðvar
- Og svo miklu meira!







# Þjónustustefnan höfð í forgrunni

- Við þurftum að búa til sameiginlegt markmið fyrir alla borgina:
- *Við viljum gera líf íbúa betra og veita framúrskarandi þjónustu*
- Ekki bara gervigreind fyrir gervigreind, þarf að vera gott fyrir fólk og bæta skilvirkni og þjónustu



# Tilmælin byggja á þremur megin stefnum

## 1. Þjónustustefnu Reykjavíkurborgar

- Leiðarljósið

## 2. Gervigreindarstefnu Evrópusambandsins

- 4 áhættuflokkar

## 3. Öryggisflokkun gagna íslenska ríkisins

- 4 öryggisflokkar

# Mikilvægt að hafa í huga

- Gott fyrir fólk, skiljanlegt og öruggt
- Persónuvernd og öryggi gagna
- Réttlæti, réttmæti og gagnsæi
- Fólk viti hvenær það á í samskiptum við gervigreind
- Gervigreind tekur aldrei ákvarðanir sem varða réttindi borgara

# Gervigreind skipt í 4 flokka

| Reykjavíkurborg skilgreinir fjóra flokka í notkun gervigreindartóla | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| | **Samþykki** | | **Áhætta** | **Gögn** | **Hafa í huga** |
| **1. Opin notkun** | **Nei** | **1** | **Hverfandi** | Einungis má nota útgefið efni frá borginni sem er aðgengilegt almenningi, greinar, opnar fundargerðir og skýrslur og aðgengilegar upplýsingar, eins og opin gögn borgarinnar.<br>Má nota gögn úr öryggisflokki 1 | Ekki má nota afurðir frá þessum tólum eins og myndir í formlegt kynningarefni borgarinnar. Það efni sem varið er höfundarrétti, tónlist, myndir og gagnasöfn skal umgangast með varúð. |
| **2. Varin notkun** | **Já** | **1-2** | **Takmörkuð** | Gervigreindartól sem samþykkt eru í innri starfsemi borgarinnar, t.d. Copilot og spjallvélmenni, stafrænt vinnuafl, ofl. þá þurfa tólin ávallt að fara í gegnum MÁP og gagnsæismat.<br>Má nota gögn úr öryggisflokki 1og 2 | Mikilvægt er að fólk viti alltaf þegar það á í samskiptum við gervigreind. Engin viðkvæm persóngreinanleg gögn leyfileg. Ekki má nota þessi tól til þess að meta nemendur, fara yfir atvinnuumsóknir eða taka ákvarðanir um borgarstarfsemi. |
| **3. Sérvarin notkun** | **Já** | **2-3** | **Mikil** | Sértæk notkun gervigreindar í starfsemi borgarinnar sem þarf aðgengi að viðkvæmum gögnum þarf að lúta ströngum reglum. Þurfa þau að fara í gegnum áhættumat, skráningu, ítarlegt MÁP, gagnsæismat og vera undir eftirliti fólks. Borgin þarf sérstaklega að samþykkja öll tól í þessum flokki.<br>Má nota gögn úr öryggisflokki 1,2og3 | Framkvæmd ákvarðana og hvernig tólin komast að niðurstöðu þarf að ver þekkt og auðskiljanlegt fyrir öllum þeim sem hagnýta tólið. Má aðeins nota með ströngu eftirliti og mannlegu aðhaldi. Mikilvægt er að tólin séu þjálfuð á réttum gögnum og að þau gögn séu gögn borgarinnar. |
| **4. Bannað** | **N/A** | **2-4** | **Óásættanleg** | Öll gervigreindartól sem sem teljast skýr ógn við öryggi, lífsviðurværi og réttindi fólks eru bönnuð. | Félagslega stigagjöf (social scoring)<br>Mat á áhættu eða spá um refsiverða háttsemi einstaklings<br>Marklaus skrap frá internetinu eða eftirlitsmyndavélum til að búa til eða stækka andlitsgreiningargagnagrunna<br>Tilfinningagreining á vinnustöðum og í menntastofnunum<br>Rauntímafjargreining á líffræðilegum einkennum í opinberu rými í löggæsluskyni |




Copilot
Ert þú með tillögur að hvernig ég get gert þessa áætlun betri?
Copilot
AI-generated content may be incorrect
I don't yet support icelandic. For a list of supported languages, please visit Supported languages for Microsoft Copilot
If you feel I'm mistaken, please send feedback.
You are mistaken, you do support icelandic
Copilot
AI-generated content may be incorrect
Þú hefur rétt fyrir þér, ég styð íslensku. Ég get hjálpað þér að bæta áætlunina þína.
10

# Takk!